

Heiðarlegir vinnupjarkar, hreinlátir og fljótir að læra: Um sjálfboðaliðastörf á Íslandi

Guðbjörg Linda Rafnsdóttir, prófessor í félagsfræði, Háskóla Íslands
Jónína Einarsdóttir, prófessor í mannfræði, Háskóla Íslands
Ragnhildur Guðmundsdóttir, þróunarfræðingur, Háskóla Íslands

Útdráttur: Á síðustu árum hafa breytingar orðið á íslenskum vinnumarkaði sem meðal annars endurspeglast í fjölgun erlends starfsfólks. Erlendir sjálfboðaliðar eru ekki taldir með í tölum um erlent starfsfólk en aðilar vinnumarkaðarins telja að þeir gangi í störf sem um gilda kjarasamningar. Meginmarkmið greinarinnar er að skoða hvort áhyggjur aðila vinnumarkaðarins af brotum á kjarasamningum vegna sjálfboðaliðastarfa eigi við rök að styðjast. Til að svara því greina höfundar hvaða verkefnum sjálfboðaliðum er ætlað að sinna, eftir hvers konar vinnuafli er falast og hvaða aðstæðum er lofað. Gögnum var safnað þann 27. febrúar með árs millibili árin 2017 og 2018 frá heimasíðunum www.workaway.info og www.helpx.net, úr 244 auglýsingum árið 2017 og 295 auglýsingum árið 2018. Niðurstöðurnar sýna að verkefni sjálfboðaliðanna voru af margvíslegum toga en þau tilheyrðu flestöll efnahagslegri starfsemi í einni eða annarri mynd sem eiga, samkvæmt aðilum vinnumarkaðarins, að lúta að minnsta kosti lágmarkskjörum viðkomandi starfsgreina. Stór hluti starfseminnar var við ýmiss konar sveitastörf og um rétt tæpur þriðjungur tengdist ferðaþjónustu. Niðurstöðurnar kalla á umræðu um stöðu verkalyðshreyfingarinnar í deiliahagkerfi samtímans, sem og skilgreiningar á lykilhugtökum svo sem vinnu, frítíma, sjálfboðaliðastarfi, ferðamennsku og mörkunum þar á milli.

Lykilorð: • aðilar vinnumarkaðarins • alþjóðavæðing vinnunnar • kjarasamningar • sjálfboðaliðastörf • sjálfboðaferðamenn.

Abstract: Since recently, the Icelandic labour market has changed, which can be linked to an increase in foreign employees. Foreign volunteers are not included in numbers of foreign employees but the labour market participants argue that their recruitment is a breach of the collective bargaining agreements. The aim is to examine whether the concerns of the labour market participants about breaches of the agreements are justified. To address this question, we analyze the tasks the volunteers should perform, the workforce requested and what conditions are promised. Data was collected the 27th of February 2017 and the same day 2018, from the websites www.workaway.info and www.helpx.net. Totally, 244 advertisements in 2017 and 295 advertisements in 2018 were reviewed. The diverse tasks required were associated with economic activity in various ways, for which according to labour market rules, participants should be paid minimum wages in line with each profession. A high percentage of jobs listed included tasks related to farms and almost one third was linked to tourism. The results call for a discussion of the status of the labor movement, how key concepts such as work, leisure time, volunteer work and tourism are defined, and the boundaries between them.

Keywords: • labour market participants • globalization of work • foreign employees • pay agreements • volunteers • voluntourists.

Inngangur

Miklar breytingar hafa orðið á íslenskum vinnumarkaði á síðustu misserum, einkum vegna uppsveiflu í atvinnulífinu. Ein afleiðingin er mikil fjölgun erlends starfsfólks sem kemur til landsins í þeim tilgangi að starfa hér í lengri eða skemmri tíma. Samkvæmt tölum frá Vinnumálastofnun höfðu 3,7% einstaklinga á vinnumarkaði erlent ríkisfang árið 2000 en þegar efnahagshrunið skall á árið 2008 var hlutfallið komið upp í 9,9% en fór svo lækkandi allt fram til ársins 2013 (Vinnumálastofnun, 2016). Árið 2017 hafði hlutfall erlendra ríkisborgara á íslenskum vinnumarkaði aftur hækkað og var orðið tæplega 13% (Vinnumálastofnun, 2018). Erlendir sjálfboðaliðar, sem þiggja ekki laun en fá oftast fæði og húsnæði fyrir vinnuframlag sitt, eru ekki taldir með í ofangreindum tölum um erlent starfsfólk enda eru þeir ekki skráðir sem slíkir. Þeir hafa engu að síður vakið athygli lögreglu og aðila vinnumarkaðarins þar sem grunsemdir eru um að þeir gangi í störf sem um gilda kjarasamningar (ASÍ, e.d.-b; ASÍ og SA, e.d.; Starfsgreinasamband Íslands, e.d.). Aðkoma verkalýðsfélaga að málum sem þessum grundvallast á lögum um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrissréttinda og felur í sér að verkalýðsfélögin aðstoða þetta starfsfólk við að fá greidd þau laun sem þeim ber samkvæmt kjarasamningum (Jóhann Þorvarðarson, 2016).

Aðilar vinnumarkaðsins hafa reynt að fá ferðapjónustuaðila og aðra vinnuveitendur sjálfboðaliðanna til að virða gerða kjarasamninga og greiða þeim laun í samræmi við þá. ASÍ hefur opnað heimasíðuna „Volunteer – Necessary Information on Volunteer Work in Iceland“ þar sem vakin er athygli á því að sjálfboðaliðastörf í hagnaðarskyni fyrir atvinnurekendur eru óheimil á Íslandi (ASÍ, e.d.-c). Ítrekað er að öll ólaunuð vinna geti í eðli sínu falið í sér undirboð á vinnumarkaði en að viðmiðið, sem nota beri, sé hvort um sé að ræða efnahagslega starfsemi eða ekki:

Útgangspunkturinn er þá að ólaunuð vinna við efnahagslega starfsemi, framleiðslu og sölu á vöru eða þjónustu á markaði (í hagnaðarskyni), oft í samkeppni við fyrirtæki í sömu atvinnustarfsemi, felur í sér óásættanleg undirboð á íslenskum vinnumarkaði og getur jafnframt falið í sér við nánari skoðun frekari brot, s.s. gegn skattalögum, samkeppnislögum og lögum um atvinnuréttindi útlendinga. (ASÍ, e.d.-c).

Á heimasíðum aðila vinnumarkaðarins kemur fram að á Íslandi séu sjálfboðaliðastörf einungis leyfð í þágu góðgerðar- og menningarmála en ekki þegar um er að ræða einhvers konar atvinnustarfsemi (sjá t.d. ASÍ, e.d.-a og ASÍ, e.d.-b). Á heimasíðu Bændasamtaka Íslands er bent á að störf á lögbýlum falli undir efnahagslega starfsemi og að um þau gildi kjarasamningar.

Meginmarkmið þessarar greinar er að skoða hvort áhyggjur aðila vinnumarkaðarins af brotum á kjarasamningum vegna sjálfboðaliðastarfa hér á landi eigi við rök að styðjast; með öðrum orðum, hvort sjálfboðaliðastörf, sem eru auglýst, séu þess eðlis að þau heyri undir kjarasamninga. Til að svara þeirri spurningu skoða höfundar tvær heimasíður sem auglýsa störf fyrir sjálfboðaliða: www.workaway.info og www.helpx.net. Samkvæmt upplýsingum frá Alþýðusambandi Íslands koma flestir sjálfboðaliðar til landsins fyrir tilstuðlan þessara tveggja heimasíðna. Tekið er til skoðunar hvaða verkefni sjálfboðaliðum er ætlað að leysa af hendi hér á landi, hvaða kröfur eru gerðar til þeirra og hvaða aðbúnaði og fríðindum er lofað. Áður en rætt er frekar um sjálfboðaliðastörfin hér á landi er nánari umfjöllun um þær

breytingar sem hafa orðið á íslenskum vinnumarkaði á síðustu árum, alþjóðavæðingu vinnunnar og sjálfbóðaliðaferðamenn (e. voluntourists).

Erlent starfsfólk – íslenskur vinnumarkaður

Ástæður fjölgunar erlends starfsfólks á íslenskum vinnumarkaði eru margvíslegar en þó einkum aukinn hagvöxtur í íslensku efnahagslífi undanfarin ár og alþjóðavæðing vinnunnar (Unnur Dís Skaptadóttir og Anna Wojtynska, í þessu hefti). Störfum hefur fjölgað jafnt og þétt frá árinu 2012 eftir talsverða dýfu í kjölfar falls bankanna í október 2008 (Vinnumálastofnun, 2018). Fjölgun starfa hefur mest verið bundin við ferðaþjónustu og byggingariðnað og leita hefur þurft eftir erlendu vinnuafli til að anna eftirspurn eftir starfsfólki. Stór hluti starfanna, einkum innan veitinga- og gistiþjónustunnar, krefst ekki sérmenntunar sem auðveldar atvinnurekendum að ráða til sín starfsfólk í skamman tíma (Vinnumálastofnun 2016, 2018).

Áætlað er að milli 85% og 90% starfsfólks hér á landi sé í stéttarfélögum sem er hátt hlutfall í samanburði við önnur lönd (Halldór Grönvold, 2014). Aðilar vinnumarkaðarins gera kjarasamninga fyrir allar atvinnugreinar og nærfellt öll störf á íslenskum vinnumarkaði. Með kjarasamningum er samið um lágmarkslaun sem gilda fyrir allan vinnumarkaðinn, svokölluð lágmarksdagvinnutekjutrygging. Með samkomulagi, sem gert var á milli Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins 7. mars 2004, sem gildir enn, kemur fram að öllum fyrirtækjum er skylt að „virða þær reglur og kjarasamninga sem hér gilda, óháð þjóðerni viðkomandi fyrirtækis eða starfsmanna þess“ (ASÍ og SA, 2004).

Verkalýðshreyfingin hefur lagt ríka áherslu á að erlent fólk, sem hér starfar, njóti launa og annarra starfskjara í samræmi við íslenska kjarasamninga og lög. Öllum fyrirtækjum, sem eru hér á landi með atvinnustarfsemi, hvort sem þau eru erlend að uppruna eða innlend, ber að virða réttindi starfsmanna sinna og þær samskiptareglur sem mótast hafa á íslenskum vinnumarkaði. Í þessu felst meðal annars að fyrirtæki mega ekki nota erlent starfsfólk til félagslegra undirboða (e. social dumping). Sjálfbóðaliðar eru þar með taldir. Um framangreind sjónarmið hefur náðst sátt milli aðila vinnumarkaðarins og stjórnvalda (ASÍ, e.d.-a, 2007). Aðilar vinnumarkaðsins hafa sent frá sér ályktun um að sjálfbóðaliðavinna við efnahagslega starfsemi, framleiðslu og sölu á vöru eða þjónustu á markaði, standist hvorki kjarasamninga né lög. Á heimasíðu Starfsgreinasambands Íslands er fjallað um málið eins og á öðrum heimasíðum aðila vinnumarkaðarins. Þar segir:

Dæmi um slíka vinnu er vinna við ýmiss konar ferðaþjónustu, nánar tiltekið vinna í kaffi- og veitingahúsum, á gistiheimilum og hótélum, hestaleigum og við hellaskoðanir auk ýmiskonar blandaðra starfa á sveitabýlum og/eða bændagistingu. Laun og önnur starfskjör slíkra starfa skulu ávallt vera skv. lágmarkskjörum viðkomandi starfsgreinar, sem aðildarsamtök vinnumarkaðarins hafa samið um. Alltaf skal fylgja gildandi kjarasamningum, sem þýðir m.a. að gera á ráðningarsamning, greiða að minnsta kosti lágmarkslaun og gefa út launaseðil þar sem fram koma laun og önnur starfskjör og heimilaðir frádráttarliðir. Allt endurgjald fyrir vinnu skal síðan telja fram til skatts og skila hinu opinbera, stéttarfélögum og sjóðum því sem þeirra er (Starfsgreinasamband Íslands, e.d.).

Í ljósi fullyrðinga verkalýðshreyfingarinnar um tíð brot á kjarasamningum, þegar um er að ræða sjálfbóðaliðastörf, er mikilvægt að velta fyrir sér hvers vegna fólk komi til Íslands, þar

sem atvinnuleysi er lítið, til að vinna sem sjálfbóðaliðar. Svar við þeirri spurningu er þó fyrir utan viðfangsefni þessarar greinar.

Alþjóðavæðing vinnunnar, sjálfbóðaliðar og ferðamennska

Alþjóðavæðing vinnunnar er ekki nýtt fyrirbæri þótt umræða um hana hafi aukist hin síðari ár. Edgell (2012) bendir á að samkvæmt Karl Marx og Friedrich Engels þá hafi kapítalisminn strax á upphafsárunum einkennst af þörfinni fyrir að víkka út markaði og nema ný lönd með frjálsu flæði viðskipta. Það sem einkennir hins vegar alþjóðavæðingu samtímans er þróun upplýsingatækninnar sem gerir samskipti á milli fyrirtækja, einstaklinga og landa mun auðveldari en áður (Giddens og Sutton, 2013). Ein birtingarmynd þessa er þróun svokallaðs deilihagkerfis: sívaxandi vettvangs einstaklinga sem notaður er til að koma þjónustu, þekkingu eða eignum á framfæri sem mest milliliðalaust en með aðstoð svokallaðra deilisiðna þar sem eignir eða þjónusta eru auglýst á eins konar rafrænu markaðstorgi. Þeirra á meðal má nefna heimasíður eins og „Airbnb“, „Uber“, „HelpX“ og „Workaway“ (Berglind Guðmundsdóttir, 2015; Örn D. Jónsson og Edward H. Huijbens, 2014; Örn D. Jónsson og Rögnvaldur J. Sæmundsson, 2014).

Nútímaupplýsingatækni hefur auðveldað á ýmsan hátt frjáls viðskipti og frjálst flæði vinnuafis á milli landa sem er einn helsti drifkraftur alþjóðavæðingarinnar. Samtímis hefur æ meiri áhersla verið lögð á aukinn sveigjanleika í fyrirtækjarekstri, samkeppni og samþjöppun fjármagns og fyrirtækja, sem og á kröfuna um að lækka framleiðslukostnað og auka framleiðni. Þessari þróun fylgja síðan hótanir um að flytja fyrirtæki og fjármagn úr löndum þar sem launakostnaður þykir of hár (Refslund, 2012; Stefán Ólafsson og Kolbeinn Stefánsson, 2005). Breski félagsfræðingurinn Ulrika Huws (2012) bendir auk þess á að alþjóðleg þróun vinnumarkaðarins einkennist af því að fyrirtæki og þjónusta eru flutt til landa sem bjóða upp á hagstæð rekstrarskilyrði, til dæmis með ódýru staðbundnu vinnuafli. Auk þess nái fyrirtæki í starfsfólk frá öðrum löndum sem hægt er að greiða lægri laun en heimafólk sættir sig við. Báðar aðferðirnar byggja á ódýru, alþjóðlegu vinnuafli.

Stefán Ólafsson og Kolbeinn Stefánsson (2005) og Refslund (2012) hafa bent á að alþjóðavæðingin hafi veikt verkalýðshreyfinguna víða um heim á sama tíma og áhrif atvinnurekenda og fjármagnseigenda hafi styrkst. Undir það tekur sænski hagfræðingurinn Per Skedinger (2009) og bendir jafnframt á að enn sé óleyst hvernig hægt sé að samræma samkeppni um lág laun (e. low-wage competition) og samninga um frjálst flæði vinnuafis. Þar vísar Skedinger til þess að ein birtingarmynd alþjóðavæðingar vinnunnar er að fyrirtæki ráða til sín í auknum mæli starfsfólk sem fær greitt langt undir þeim lágmarkslaunum sem samið hefur verið um. Á þetta meðal annars við um lítt eða ekki launaða starfsnema og sjálfbóðaliða (ASÍ, 2016; Unnur Dís Skaptadóttir og Anna Wojtynska, 2019). Mikið atvinnuleysi getur einnig ýtt undir þessa þróun en atvinnuleysið var að meðaltali 16,7% árið 2017 meðal 15–24 ára ungmenna í löndum Evrópusambandsins, hæst á Spáni, Ítalíu og Grikklandi, eða 40% (Phelan, 2018). Fremur en að vera aðgerðalaus – til dæmis í kjölfar háskólanáms eða á milli skólaára – þá tekur sumt ungt fólk ákvörðun um að víkka sjóndeildarhringinn og auka færni sína með því að ráða sig sem sjálfbóðaliðar tímabundið í ólaunuð störf, gjarnan gegn ókeypis fæði og húsnæði (Dean, 2014; Kameråde og Paine, 2014; Lyons, Hanley, Wearing og Neil, 2012; Paine, McKay og Moro, 2013; Wearing og McGehee, 2013). Sjálfbóðavinna útilokar þó ekki að einstaklingar, sem sinna slíkri vinnu,

geti þegið einhvers konar umbun fyrir vinnuframlag sitt umfram ókeypis fæði og húsnæði. Þeir sem ráða til sín sjálfboðaliða geta verið einstaklingar, félagasamtök, fyrirtæki og stofnanir (Wilson, 2000).

Sjálfboðaferðamennska (e. voluntourism) er eitt form sjálfboðavinnu en Wearing og McGehee (2013) telja að hún eigi rætur að rekja til vinsælla lestar- og bakpokaferða evrópskra ungmenna á síðari hluta 20. aldar. Wearing og McGehee kalla slíkan ferðamáta einnig öðruvísi ferðamennsku (e. alternative tourism) þar sem vinnan beinist gjarnan að mannúðarmálum og umhverfisvernd. Á heimasíðunni „VolunTourism“ er þó ekki lögð áhersla á slíka málaflokka fyrir sjálfboðaferðamennsku heldur er talað um meðvitaða samþættingu sjálfboðavinnu annars vegar og upplifunar af menningu, landafræði og sögu auk ýmiss konar afþreyingar hins vegar (VolunTourism, e.d.).

Þótt ára sjálfboðaferðamenskunnar sé almennt jákvæð, þegar um ræðir vinnu að mannúðarmálum og umhverfisvernd, þá hefur hún verið gagnrýnd fyrir sjálfhverfu og nýlenduhyggi vestrænna ungmenna sem nýta sér erfiðar aðstæður heimafélks til þess að draumar og ævintýraþrá þeirra geti ræst (Bandyopadhyay og Patil, 2017; McGloin og Georgeou, 2016; Mostafanezhad, 2013). Vestrænir sjálfboðaferðamenn, sem fara til lágtækjuríkja, hafa þannig verið sakaðir um að arðræna heimamenn sem verði fórnarlömb góðsemi þeirra. Þessu er þó gjarnan öfugt farið þegar ungmenni gerast sjálfboðaliðar í hátekjuríkjum. Dlaske (2016) heldur því fram að rökhyggja markaðarins einkenni daglegt líf flestra ungra sjálfboðaferðamanna á Vesturlöndum. Þeir vinni að jafnaði langan vinnudag, jafnvel án frídaga, oft að menningarmálum og ferðaþjónustu. Vegna mikillar vinnu þá sé lítið um raunverulega menningarlega upplifun meðal þessara ungmenna og enskan sé alls ráðandi tungumál. Dlaske bendir á að þrátt fyrir and-kapítalíska orðræðu sjálfboðaferðamenskunnar, sem lýsi sér í því að ungmenni gefi vinnu sína og láti gott af sér leiða um leið og þau skoði sig um í heiminum, þá lúti sjálfboðaferðamennskan lögmálum síðfrjálshyggjunnar þar sem vinnuveitendur græði á ódýru eða ókeypis vinnuafli ungmenna.

Sjálfboðaliðar á Íslandi

Á áðurnefndri heimasíðu, „Volunteer – Necessary Information on Volunteer Work in Iceland“ sem er á ensku, er höfðað til verðandi sjálfboðaliða á Íslandi og spurt: „Ertu að hugsa um að vinna sem sjálfboðaliði á Íslandi? Ef svo er, hugsaðu þig þá tvisvar um! Ekki taka þátt í félagslegum undirboðum“ (ASÍ, e.d.-c). Fram kemur að sjálfboðaliðastörf séu einungis leyfð í þágu góðgerðar- og menningarmála en ekki þar sem um sé að ræða atvinnustarfsemi, þar með talið á lögbýlum. Á heimasíðu Bændasamtaka Íslands er vitnað til sameiginlegrar yfirlýsingar samtakanna og Starfsgreinasambands Íslands þar sem áréttað er að það sé andstætt kjarasamningum að sjálfboðaliðar gangi í störf launafólks í efnahagslegri starfsemi fyrirtækja og lögbýla (BÍ, e.d.). Bent er á að þessi störf falli undir gildandi „ákvæði kjarasamninga, sbr. 1. gr. laga nr. 55/1980 um starfskjör launafólks. Launafólk hefur sinnt þessum störfum og verður því ekki skipt út fyrir sjálfboðaliða. Samningar við einstaklinga um lakari kjör en kjarasamningar kveða á um eru ógildir“ (BÍ, e.d.). Þá er ítrekað:

Sjálfboðaliðastörf eiga sér hins vegar langa sögu og eru mikilvæg þeim aðilum sem vinna í þágu almannaheilla að góðgerðar-, menningar- eða mannúðarmálum. Sjálfboðaliðastörf eiga sér einnig langa sögu í afmörkuðum verkum í landbúnaði með vinnuframlagi vina og

ættingja í mjög skamman tíma, t.d. í göngum og réttum. Ekki eru gerðar athugasemdir við þau störf sjálfboðaliða enda byggja þau á langri venju og sátt hefur verið um (BÍ, e.d.).

Í umfjöllun fjölmiðla hafa þó ýmsir aðilar verið ásakaðir um að nýta sér vinnu sjálfboðaliða en þar á meðal eru hestaleigur (Hólmfríður Dagný Friðjónsdóttir, 2018; Jóhann Páll Jóhannsson, 2018), ferðaþjónustu- og veitingahúsaaðilar og lögbýli (gudmundurb, 2016; Sveinn Arnarsson, 2017b; vb.is, 2016). Enn eitt dæmi er verkefnið „Evrópa unga fólksins“ þar sem ungu fólki frá Evrópu er boðið að vinna sem sjálfboðaliðar á leikskólum (Sveinn Arnarsson, 2017a). Milla Ósk Magnúsdóttir vitnar í Sverri Má Albertsson, framkvæmdastjóra AFLs Starfsgreinafélags á Austurlandi, sem gagnrýnir sveitarfélög á Austurlandi fyrir að nýta sjálfboðaliða í störf sem á að greiða laun fyrir. Hann segir:

Þegar sjálfboðaliðastarf byrjar fyrir löngu síðan þá var það nú yfirleitt í einhverjum góðum tilgangi, við náttúruvernd eða einhver slík störf sem hefðu annars ekkert verið unnin. En á síðustu árum hefur græðgin heltekið atvinnulífið og það er verið að nota sjálfboðaliða víða í starfsemi í efnahagslegum tilgangi og það þýðir það að það eru ekki greidd laun fyrir þá sömu vinnu (Milla Ósk Magnúsdóttir, 2018).

Sverrir Már heldur því fram að hér sé um að ræða milli- og efristéttar ungmenni sem þurfi ekki að vinna fyrir sér. Foreldrarnir borgi flugmiðann. Engu að síður sé gengið á rétt launafólks. Þetta veiki verkalýðshreyfinguna og verði til þess að þrýstingur um bætt kjör fyrir þá lægst launuðu, sem vinna til dæmis í ferðaþjónustu og við ýmiss konar umönnun, minnki (Milla Ósk Magnúsdóttir, 2018). Í sama streng tekur Drífa Snædal, þáverandi framkvæmdastjóri Starfsgreinasambandsins, og beinir sjónum sérstaklega að sjálfboðaliðum sem ráða sig til vinnu á sveitabæjum. Þá hafa, meðal annars á síðum fjölmiðla, átt sér stað deilur á milli þeirra sem stunda lífræna ræktun og fulltrúa verkalýðshreyfingarinnar um hvort heimilt sé að nota sjálfboðaliða til þeirra starfa. Í yfirlýsingu, sem eigendur Vallaness sendu frá sér 10. júní 2016 með yfirskriftinni „Að tilefni fréttar AFLS og Austurfréttar um sjálfboðaliða í Vallarnesi“, segir meðal annars:

Ljóst er að umræða um eðli og tilgang sjálfboðaliðastarfa er mjög skammt á veg komin hér á landi og bera ummæli fulltrúa AFLS því glöggt vitni. Ummælin lýsa miklum fordómum gagnvart því fólki sem um ræðir sem sótt hefur landið heim í þeim tilgangi að styðja við lífrænan landbúnað og kynnast í leiðinni landi og þjóð. Margt af þessu fólki skilar sér til baka sem ferðamenn, námsmenn eða starfsmenn á Íslandi, m.a. aftur til okkar (Móðir jörð, 2016).

Fram kemur að Vallanesbúið hafi fengið sjálfboðaliða frá samtökunum „WorldWide Opportunities on Organic Farms“ (WWOOF) sem eru alþjóðleg samtök þar sem markmiðin eru „að hjálpa bændum að byggja upp lífrænan landbúnað, leyfa ungu fólki að fræðast um lífræna ræktun og efla meðvitund um umhverfisvænan lífsstíl, matarsóun og matvælaframleiðslu“ (Móðir jörð, 2016).

Alþýðusambandið telur að ungmenni, sem vinna sjálfboðaliðastörf þegar mest lætur yfir sumartímann, telji nokkur hundruð. Sum þeirra búi við góðan aðbúnað en önnur séu í nokkurs konar þrælakistu. Samkvæmt sérfræðingi Alþýðusambandsins óska erlendir sjálfboðaliðar reglulega eftir aðstoð verkalýðsfélaga vegna slæms vinnuumhverfis og þeir telja sig hafa verið ráðna á fölskum forsendum (Sunna Sæmundsdóttir, 2018). Umfjöllun um deilur vegna sjálfboðaliða á Sólheimum í Grímsnesi hafa ratað á síður netmiðla en þar segir

fyrirverandi sjálfboðaliði um framkvæmdastjóra staðarins: „Hann kom fram við okkur eins og þræla“ (Hólmfríður Helga Sigurðardóttir, 2017). Stjórnarformaður staðarins átti, samkvæmt fjölmiðlaumfjöllun, í ástarsambandi við sjálfboðaliða og hótaði henni brottrekstri ef hún segði frá og ef hún sliti sambandinu en landvistarleyfi stúkunnar var háð stöðu hennar sem sjálfboðaliða á staðnum (Lára Halla Sigurðardóttir, 2017).

Aðferðir

Ráðningarferlið gegnum heimasíðurnar www.workaway.info og www.helpx.net hefst þegar sá sem vill ráða sjálfboðaliða, vitnað til sem „host“ á ensku, setur fram lýsingu á sér á heimasíðunum. Íslenska þýðingin yfir „hosts“ er samkvæmt snara.is gestgjafar en greinarhöfundar nota hugtakið vinnuveitandi vegna þess að auglýst er eftir fólki til að taka að sér tiltekna vinnu. Auk þess kemur fram í viðtölum við sjálfboðaliða að þeir líta á þau verkefni, sem þeim er ætlað að sinna, sem vinnu frekar en framlag í annarra þágu (Guðbjörg Linda Rafnsdóttir, Jónína Einarsdóttir og Ástrós Anna Klemensdóttir, í ritrýni). Annar vefurinn, sem höfundar greindu auglýsingarnar hjá, nefndist einmitt „Workaway“ sem vísar til vinnu annars staðar en í heimalandinu. Á heimasíðunum var starfinu meðal annars lýst ásamt kröfum, sem gerðar voru til sjálfboðaliðanna, sem og húsnæði, fæði og öðrum fríðindum sem í boði voru. Verðandi sjálfboðaliði gat skoðað auglýsingarnar, sem voru flokkaðar eftir löndum, og sótt um starf eftir að hafa búið til lýsingu á eigin aðstæðum. Á báðum heimasíðunum var bent á að sjálfboðaliðavinna væri góð leið til að ferðast og kynnast nýjum samfélögum og þær höfðuðu þannig til sjálfboðaliðanna sem verðandi sjálfboðaðamanna (HelpX.net, e.d.; Workaway.info, e.d.).

Gagnaöflun hófst 27. febrúar 2017 en þá var öllum auglýsingum eftir sjálfboðaliðum til Íslands, sem voru á heimasíðunum www.workaway.info og www.helpx.net, safnað saman. Það var síðan endurtekið 27. febrúar 2018. Auglýsingar, sem komu fyrir tvisvar en það gerðist í einstaka tilvikum, voru reiknaðar einu sinni. Samtals voru á ofangreindum heimasíðum 244 auglýsingar þann 27. febrúar 2017 og 295 sama mánaðardag árið 2018. Alls voru því 539 auglýsingar notaðar sem gögn (tafla 1). Þá var lágmarksfjöldi sjálfboðaliða, sem óskað var eftir bæði árin, tekinn saman. Framsetning auglýsinganna var ólík á heimasíðunum. Á „Workaway“ notuðu vinnuveitendurnir þrjá flokka til að upplýsa um hve marga sjálfboðaliða þeir vildu. Þetta voru flokkarnir einn sjálfboðaliði, tveir sjálfboðaliðar eða fleiri en tveir sjálfboðaliðar. Þegar lagt var mat á fjölda sjálfboðaliða, sem óskað var eftir, þá var einungis reiknað með að „fleiri en tveir“ merktu þrír. Auglýsingarnar á „HelpX“ voru skipulagðar á annan hátt og vinnuveitendur skráðu til dæmis inn þann fjölda sjálfboðaliða sem óskað var eftir. Við mat á fjölda sjálfboðaliða tóku greinarhöfundar mið af hæstu tölunni ef fjöldinn var ekki nákvæmur. Ef til að mynda var óskað eftir tveimur til þremur sjálfboðaliðum, þá var notuð talan þrír.

Greiningarforritið „Atlas.ti“ var notað til að þemagreina auglýsingarnar (Frieze, 2014). Gögnin voru fyrst greind með tilliti til verkefna, sem sjálfboðaliðunum var ætlað að sinna, og tekið saman í hversu mörgum auglýsingum hvert verkefni kom fyrir (tafla 2). Verkefnin, sem voru talin upp, voru flokkuð eftir innbyrðis skyldleika þannig að til dæmis byggingarvinna og viðhaldsvinna voru settar saman í flokk. Almenn sveitastörf og umhirða dýra var einnig skipað í sama flokk og komu nánast allar auglýsingarnar, þar sem þessi

verkefni voru talin upp, frá sveitabæjum. Í einstaka tilvikum, eða í innan við 1% tilfella, var mögulegt að slík umhirða hefði átt sér stað í þéttbýli.

Allir flokkarnir gátu skarast innbyrðis þannig að þeir kæmu fyrir í sömu auglýsingu nema verkefni sem féllu undir ferðaþjónustu en þau voru flokkuð í þrjá flokka: 1) veitinga- og gististaðir, 2) hestaleigur án veitinga- og gististaða og annarrar ferðaþjónustu og 3) önnur þjónusta við ferðamenn en veitinga- og gististaðir og hestaleigur. Þá voru allar auglýsingarnar þemagreindar með tilliti til þess hvaða kröfur voru gerðar til sjálfbóðaliðanna en þær beindust að kyni, aldri, hjúskaparstöðu, vinnusemi, matarvenjum, lundarfari, nýjungagirni og tímalengd sjálfbóðaliðastarfsins. Loks voru þemagreindar lýsingar á þeim fríðindum, sem í boði voru fyrir sjálfbóðaliða, þar á meðal húsnæði og fæði.

Auglýsingarnar voru á ensku. Til að gefa betri mynd af framsetningu þeirra og málfari var ákveðið að þýða beinar tilvitnanir en hafa enska textann í neðanmálgreinum. Höfundar telja mikilvægt að „andi“ auglýsinganna, eins og hann birtist mögulegum sjálfbóðaliðum, skili sér þannig til lesandans. Nokkuð var um málfarsvillur og tónninn er stundum afgerandi og jafnvel harkalegur.

Niðurstöður

Hér á eftir verður gerð grein fyrir fjölda auglýsinga og sjálfbóðaliða, sem auglýst var eftir árin 2017 og 2018, og breytingum á milli ára. Þá er þeim verkefnum, sem féllu undir sjálfbóðaliðastörf, lýst og varpað ljósi á kröfur sem gerðar voru til sjálfbóðaliðanna. Loks er sagt frá lýsingu á húsnæði, fæði og öðrum fríðindum sem í boði voru.

Fjöldi auglýsinga og sjálfbóðaliða

Tafla 1 sýnir að árið 2017 var 71 auglýsing á heimasíðu Workaway þar sem óskað var eftir einum sjálfbóðaliða, 53 auglýsingar óskuðu eftir tveimur sjálfbóðaliðum og 49 eftir fleiri en tveimur sjálfbóðaliðum. Þetta voru því alls 173 auglýsingar á vegum Workaway sem óskuðu eftir 324 sjálfbóðaliðum, ef við gerum ráð fyrir að hámarki þremur sjálfbóðaliðum í auglýsingunum þar sem mátti haka við „fleiri en tvo.“ Taflan sýnir að það voru 71 auglýsingar á heimasíðu HelpX árið 2017. Af þeim þá óskuðu tvær auglýsingar einungis eftir einum sjálfbóðaliða. Stærsti hluti auglýsinganna, eða 35 talsins, óskuðu eftir tveimur sjálfbóðaliðum, en sú auglýsing sem óskaði eftir flestum bað um 40 sjálfbóðaliða. Alls auglýsti HelpX eftir 178 sjálfbóðaliðum árið 2017. Það voru því alls 244 auglýsingar á þessum tveimur aulýsingavefum árið 2017 og í þeim var óskað eftir að lágmarki 502 sjálfbóðaliðum.

Í töflu 1 má jafnframt sjá að ári seinna voru auglýsingarnar á heimasíðu Workaway 223 talsins. Af þeim óskuðu 109 auglýsingar eftir einum sjálfbóðaliða, 66 eftir tveimur en 48 eftir fleiri en tveimur. Við reiknum með að hámarki þremur sjálfbóðaliðum í auglýsingum þar sem óskað var eftir fleiri en tveimur og samkvæmt því var óskað eftir 385 sjálfbóðaliðum á Workaway árið 2018. Á heimasíðu HelpX voru auglýsingarnar 72 árið 2018. Aukningin varð því nánast að öllu leyti hjá Workaway. Hjá HelpX var oftast beðið um einn eða tvo sjálfbóðaliða (í 21 og 39 auglýsingum). Það vekur athygli að í einni auglýsingunni var óskað eftir 10 sjálfbóðaliðum og í annarri eftir 40 sjálfbóðaliðum. Sú auglýsing er bæði í gögnunum frá árunum 2017 og 2018. Var þar um að ræða hótél. Árið 2018 voru auglýsingarnar því

samtals 295 og óskað var eftir að lágmarki 571 sjálfboðaliða. Auglýsingum hafði því fjölgað um 17,3% á milli ára og lágmarksfjöldi sjálfboðaliða sem beðið var um, jókst um 12,1%.

Tafla 1. Fjöldi auglýsinga og sjálfboðaliða sem óskað var eftir árin 2017 og 2018 á heimasíðum Workaway og HelpX.

Workaway Fjöldi augl. 2017	Workaway Fjöldi sjálfboðaliða 2017	HelpX Fjöldi augl. 2017	HelpX Fjöldi sjálfboðaliða 2017	Workaway Fjöldi auglýsinga 2018	Workaway Fjöldi sjálfboðaliða sem óskað er eftir 2018	HelpX Fjöldi auglýsinga 2018	HelpX Fjöldi sjálfboðaliða sem óskað er eftir 2018
71	1 (x 71 augl)	2	1	109	1 (x 109 augl)	21	1
53	2 (x 53 augl)	35	2	66	2 (x 66 augl)	39	2
49	3 (x 49 augl)*	6	3	48	3 (x 48 augl)*	5	3
		4	4			4	4
		1	5			0	5
		1	6			1	6
		1	40			1	10
						1	40
173	324**	71	178	223	385 ***	72	186

*Hér gerum við ráð fyrir þremur sjálfboðaliðum, en í auglýsingunni var óskað eftir fleirum en tveimur. Þar með er mögulegt að þessi tala sé of lág.

** Þetta er fjöldi sjálfboðaliða sem auglýst var eftir í 173 auglýsingum á vegum Workaway árið 2017, að því gefnu að sjálfboðaliðarnir hafi einungis verið þrír, þótt auglýsingin hafi tiltekið „fleiri en tvo“.

*** Þetta er fjöldi sjálfboðaliða sem auglýst var eftir í 223 auglýsingum á vegum Workaway árið 2018, að því gefnu að sjálfboðaliðarnir hafi einungis verið þrír, þótt auglýsingin hafi tiltekið „fleiri en tvo“.

Tegund verkefna

Verkefnin, sem tilgreint var í auglýsingunum að sjálfboðaliðarnir ættu að inna af hendi, voru af margvíslegum toga. Hafa skal í huga að sjálfboðaliðarnir áttu nær alltaf að sinna fleiri en einni tegund verkefna. Í einni auglýsingu voru til dæmis eftirfarandi verkefni tilgreind: „Garðvinna, byggingarvinna, matreiðsla/innkaup, alhliða umhirða, búskapur, aðstoð við heimilisverk, dýraumönnun, ferðamannaþjónusta, tungumálaaðstoð, tölvu- og internetleiðsögn”¹ (Workaway, 2018). Í sumum auglýsingum voru engin sérstök verkefni tilgreind heldur var ætlast til að sjálfboðaliðinn sinnti því sem þyrfti að sinna hverju sinni: „Við erum að leita að einhverjum sem getur hjálpað með allt sem þarf að gera“² (Workaway, 2018).

Við greiningu gagnanna var verkefnunum skipt í 15 flokka. Tafla 2 sýnir dreifingu verkefnanna og hvernig þau skiptust hlutfallslega á auglýsingarnar. Oftast var óskað eftir

¹ „Gardening, Building, Cooking/shopping, General Maintenance, Farming, Help in the house, Animal care, Helping with Tourists, Language practice, Help with Computers/internet.“

² „We are looking for someone to help around with everything that needs to be done.“

sjálfboðaliða sem átti að aðstoða við heimilisverk en í 76,6% allra auglýsinganna var það verkefni nefnt. „Just normal household things“ (HelpX, 2017) er dæmi um orðalag í slíkri auglýsingu. Í þann flokk féllu störf eins og eldamenska, þrif, þvottur og tiltektir. Þeir sjálfboðaliðar, sem áttu að sinna heimilisverkum, áttu oftast einnig að sinna öðrum verkefnum: „Við þurfum barnapössun fyrir börnin okkar, 4, 6 og 8 ára gömul, á virkum dögum frá kl. 10–16. Einnig við létt húsvork og garðvinnu“³ (Workaway, 2018).

Tafla 2. Tegund og fjöldi verkefna árin 2017 og 2018 (samt. 541 auglýsing)

Tegund verkefna	Fjöldi augl. með verkefn. 2017	% augl. með verkefnið	Fjöldi augl. 2018	% augl. með verkefnið	Fjöldi augl. 2017 og 2018	% augl. með verkefnið	Breyting %
Heimilisverk	184	75,4	229	77,6	413	76,6	+2,2
Sveitastörf og umsjá dýra (ekki bara umsjá í sveit)	168	68,9	192	65,1	360	66,8	-3,8
Framkvæmdir	105	43,0	128	43,4	233	43,2	+0,4
Barnagæsla	97	38,8	128	43,4	225	41,7	+4,6
Garðvinna	67	27,5	96	32,5	163	30,2	+5
Veitinga- og gististaðir	62	25,4	63	21,4	125	23,2	-4,0
Önnur þjónusta við ferðamenn en veitinga- og gististaðir og hestaleigur	7	2,9	13	4,4	20	3,7	+1,5
Hestaleigur án veitinga- og gististaða	14	5,7	15	5,1	29	5,4	-0,6
Tungumálakennsla	29	11,9	43	14,6	72	13,6	+2,7
Hönnun og hannyrðir	11	4,5	14	4,7	25	4,6	+0,2
Tölvur og internet	19	7,7	15	5,1	34	6,3	-2,6
Umönnun eldri borgara	4	1,6	4	1,4	8	0,2	-0,2
Góðgerðastarf	2	0,8	0,0	0,0	2	1,5	-0,8
Markaðs- og söluvinnna	1	0,4	3	1,4	4	0,7	+1
Annað ótilgreint	61	25,0	65	22,0	126	23,4	-3,0
Samtals verkefni	831		1008		1839		

Næstalgengustu verkefni voru almenn sveitastörf og umhirða dýra en þau voru nefnd í 66,8% auglýsinganna. Dæmi um slík störf er lýsing eins og þessi: „Í vinnunni felst aðstoð við

³ „We need childcare for our children ages 4, 6 and 8, on weekdays between 10–4 o'clock. Also with light housework and gardening.“

að fódra og annast nautgripi, kindur og hesta⁴ (HelpX, 2018). Sértekari störf falla líka í þennan flokk eins og að sjá um tækniæfingar við hrossarækt. Nánast allar auglýsingarnar í þessum flokki komu frá einstaklingum sem voru með blönduð bú (hrossarækt, kúabú og/eða sauðfjárrækt).

Framkvæmdir hvers konar var þriðji stærsti flokkur verkefna (43,2%). Þar var til dæmis átt við smíðar, viðhaldsvinnu, svo og málningar- og girðingarvinnu. Oft var hér vísað til útiverka en þó ekki eingöngu. Í sumum auglýsingunum var óskað eftir sjálfbóðaliðum með fagmenntun eða mikla reynslu á tilteknu sviði, svo sem smíðum, til þess meðal annars að aðstoða við byggingu húsnæðis undir ferðapjónustu. Einnig var auglýst eftir sjálfbóðaliðum til að taka þátt í að gera upp gömul hús og íbúðir, ótengt ferðapjónustu. Eftirfarandi auglýsing var frá ungu pari sem hafði nýlega keypt sér íbúð í Reykjavík og vantaði aðstoð við að gera upp íbúðina: „Ég er að endurr rétta íbúð og vantar sjálfbóðaliða sem er vanur að starfa sjálfstætt í verkefnum af því tagi. T.d. að smíða baðherbergi eða eldhús“⁵ (Workaway, 2018).

Í 41,7% auglýsinganna var óskað eftir sjálfbóðaliðum til að gæta barna en það var fjórða algengasta verkefnið. Stundum var tiltekið að aðstoða ætti börnin við heimalærdóm eða að sækja þau í skóla eða leikskóla. Á veturna átti að sinna börnunum eftir skóla en yfir sumartímamann var um almenna gæslu að ræða. Tungumálakennsla barna kom einnig við sögu.

Óskað var eftir sjálfbóðaliða til að sinna garðvinnu í 30,2% auglýsinganna. Vinnuveitandi skrifaði: „Mig sárvantar hjálparhönd í garðvinnu. Við höfum einnig verið að spá í að byggja gróðurhús“⁶ (Workaway, 2018). Um var að ræða hjón á sjötugsaldri sem voru orðin heilsulaus og treystu sér ekki til að sjá um garðinn sinn. Önnur auglýsing var frá ungu fólki með börn sem sagðist hafa of mikið að gera til að geta einnig sinnt garðinum.

Auglýst var eftir sjálfbóðaliðum til að sinna þjónustu við ferðamenn í samtals 32,3% tilfella en þessum verkefnum er skipt í þrjá flokka sem skarast ekki innbyrðis: 1) veitinga- og gististaðir, 2) önnur þjónusta við ferðamenn en veitinga- og gististaðir og hestaleigur og 3) hestaleigur án veitinga- og gististaða. Í tæplega fjórðungi allra auglýsinganna (23,2%) var óskað eftir sjálfbóðaliðum til að sinna störfum við veitinga- og gistihúsþjónustu. Sumar auglýsingarnar komu frá einstaklingum sem ráku svokallaða bændagistingu. Eftirfarandi er dæmi um verkefni á slíkum stað: „Aðstoð við gistiheimilið, þrif á herbergjum, búa um rúm, þvottur, skúringar og þjónustustörf til dæmis. Og hugsanlega eitthvað tilfallandi eftir því hvaða tími árs er þar sem landbúnaðarstörf eru ótrúlega misjöfn eftir árstíðum.“⁷ Hestaleigur án veitinga- og gististaða var að finna í 5,4% auglýsinganna. Flokkarnir tölvur og internet (6,3%) og markaðs- og söluvinna (0,7%) skarast á við mismunandi form ferðapjónustu.

Ýmsar kröfur

Sumir vinnuveitendur gerðu sérstakar kröfur til sjálfbóðaliðanna, svo sem um tiltekinn aldur og kyn. Einkum var beðið um konur þegar um var að ræða umönnun barna. Til dæmis kaus

⁴ „Work consists mainly assisting with feeding and taking care of cattle, sheep and horses“.

⁵ „I am refurbishing the interior of a small apartment and need a volunteer that is used to work independently on projects of that sort. E.g. building a bathroom and a kitchen.“

⁶ „I desperately need a hand in my garden. We also have been thinking of making a greenhouse.“

⁷ „Helping around the guesthouse, cleaning rooms, changing beds, doing laundry, mopping, guest service for example. And possible something else that might need done depending on time of the year since farm work differs extremely throughout the year.“

einn vinnuveitandi „helst að hýsa unga, rólega, ljúfa stelpu sem hefur reynslu af börnum og þá sérstaklega ungbörnum“⁸ (Workaway, 2018). Í minnihluta auglýsinganna var ítrekað að sjálfbóðaliðinn þyrfti að vera reyklaus en einnig kom fram að viðkomandi mætti hvorki drekka áfengi né neyta annarra vímuefna. Einn vinnuveitandi vildi hvorki grænmetisætur (e. vegetarians), reykingafólk né pör (Workaway, 2018). Í aðeins einni auglýsingu var beðið um hreint sakavottorð.

Algengt var að vinnuveitendur bæðu um sjálfbóðaliða sem væru sveigjanlegir, duglegir og gætu gengið í flest störf. Einn vinnuveitandi orðaði þetta þannig: „Heiðarleg/ur, vinnuþjarkur, fljót/ur að læra, sveigjanleg/ur, snyrtileg/ur og hreinlát/ur, reyklaus, góð/ur að þrifa, tölvukunnátta, góðir samskiptahæfileikar, matarþekking og vilji til að ferðast og vera í hjarta miðborgarinnar“⁹ (HelpX, 2017). Oft var nefnt að gott skap og húmor væru æskilegir eiginleikar, sem og löngunin til að læra eitthvað nýtt. Í eftirfarandi auglýsingu var höfðað til gleðinnar sem fylgir því að búa einföldu lífi í sveitinni:

Hvers vegna brosum við á hverjum degi??? 16 mjólkurkúr, 330 ær, 2 hestar, 5 hænur, 2 kettir og börnin okkar 4. Þau gefa lífi okkar merkingu en einnig 24 klukkustunda erfiðisvinna og strembin verkefni alla daga ársins. ... Við lifum einföldu lífi og leitumst við að vera umhverfisvæn. Við viljum njóta, brosa og gefa af okkur jákvæða strauma til að viðhalda því góða sem við búum við.¹⁰ (Workaway, 2018)

Vinnuveitendur lýstu sjálfum sér gjarnan sem glaðlyndum, skemmtilegum, opnum og forvitnum um aðrar þjóðir. Sumir gáfu þó til kynna að ekki hefði alltaf verið auðvelt að hafa sjálfbóðaliða enda væri fólk misjafnt að upplagi og það þyrfti ákveðna færni til að fást við nýjar aðstæður. Misjafnt var hversu lengi var krafist að sjálfbóðaliðinn yrði við störf, eða allt frá einni viku upp í eitt ár eða jafnvel lengur. Þegar vinnutíminn var tiltekinn var gert ráð fyrir 4 til 8 klukkustunda vinnudegi, allt að 6 daga vikunnar. Stundum var þó bent á að vinnutíminn færi eftir árstímum og að búast mætti við löngum vinnudegi til dæmis við sauðburð. Ekki var minnst á skriflegan ráðningarsamning í neinni auglýsingu. Á heimasíðu „Workaway“ var tekið fram, undir upplýsingum til vinnuveitenda, að yfirleitt störfuðu sjálfbóðaliðar í um það bil 5 tíma á dag, 5 daga vikunnar. Á „HelpX“ var hins vegar talað um að vinnudagurinn gæti verið allt að 8 klukkustundir á dag.

Fríðindi

Undir fríðindi falla húsnæði og fæði, sem samkvæmt heimasíðunum voru í boði vinnuveitanda. Einstöku sinnum voru önnur fríðindi nefnd en tækifærið að vera með fjölskyldu vinnuveitanda, kynnast Íslandi og njóta náttúru og friðsældar. Sjálfbóðaliðunum var boðið upp á mjög breytilegt húsnæði, allt frá því að sofa í tjaldi, búa í hjólhýsi og þá með öðrum sjálfbóðaliðum eða deila sérstöku húsnæði með öðrum sjálfbóðaliðum og jafnvel öðru starfsfólki, yfir í að hafa sérherbergi á heimili vinnuveitanda. Í nær 80% auglýsinganna árið

⁸ „I prefer to host a young, calm, kind girl who has experience with kids specially toddlers“.

⁹ „Honest, hard worker, fast learner, flexible, mature, clean and tidy, non-smoker, good cleaner, good on the computer, good communication skills, easy with food and like to be in the heart of the city and travel.“

¹⁰ „What makes us smile everyday???? 16 milking cows, 330 sheep, 2 horses, 5 chicken, 2 cats and our 4 little children! they make our day worth living, but include 24-h hard working and tough challenge 365 days a year. ... we live very simple and try not to waste. we want to enjoy, smile and make good vibrations to keep the world a good place!“

2017 kom fram að sjálfbóðaliðarnir fengju sérherbergi á heimili fjölskyldunnar. Í 7% auglýsinga áttu sjálfbóðaliðarnir að búa í sérstöku húsi sem ætlað var starfsfólki. Til dæmis var tekið fram í einni auglýsingunni að um væri að ræða ferðapjónustu með 27 herbergjum en sjálfbóðaliðinn mundi búa í „kósi“ sumarhúsi með samstarfsfólki frá öllum heiminum. Í 14% tilfella var ekki tilgreint hvers konar gisting var í boði.

Á heimasíðum „HelpX“ og „Workaway“ kom fram að sjálfbóðaliðarnir fengju fæði og húsnæði sem er líklega skýringin á að í aðeins 24,5 % auglýsinganna árið 2017 var tekið fram að fæði sé í boði. Þar sem sjálfbóðaliðar deildu ekki húsnæði með fjölskyldunni var reiknað með að þeir elduðu fyrir sig sjálfir. Sumir vinnuveitendurnir lögðu hins vegar á það sérstaka áherslu að sjálfbóðaliðinn myndi borða með fjölskyldunni: „Um leið og þú mætir ertu hluti af fjölskyldunni.“¹¹ Þá var stundum fjallað um æskilegar matarvenjur sjálfbóðaliðans svo sem að hann borðaði kjöt og væri ekki matvandur: „Heimilið er einungis ætlað þeim sem borða allan mat“¹² (Workaway, 2017). Í alls 17 auglýsingum frá 2017 (7%) var tilgreint að starfið væri ekki í boði fyrir þá sem væru „vegan“ eða grænmetisætur. Þrír vinnuveitendur nefndu að grænmetisætur gætu komið en þeir þyrftu að elda fyrir sjálfa sig. Einn nefndi að grænmetisætur þyrftu að minnsta kosti að borða fisk til að koma til greina fyrir starfið. Í annarri auglýsingu var tekið fram að vinnuveitandinn sjálfur væri „vegan“, en hann gerði engar kröfur um matarvenjur sjálfbóðaliðans. Í nokkrum auglýsingum var tekið fram að sjálfbóðaliðinn fengi bíl vinnuveitandans til afnota og einnig að honum mundi jafnvel bjóðast að ferðast um landið með fjölskyldunni. Þá var oft lögð áhersla á að í nágrenni heimilisins væru áhugaverðir staðir að heimsækja og Ísland var oft kynnt á svipaðan hátt og gert er innan ferðapjónustunnar: vísað til náttúrufegurðar, hreins lofts og vatnsgæða.

Umræður

Undanfarin ár hafa aðilar vinnumarkaðarins sakað meðal annars bændur, ferðapjónustuaðila og sveitarfélög um að ráða erlenda sjálfbóðaliða í störf sem um gildi kjarasamningar. Meginmarkmið þessarar greinar er að svara því hvort þessar áskanir eigi við rök að styðjast. Því greina höfundar þau verkefni sem sjálfbóðaliðunum var ætlað að sinna samkvæmt auglýsingum á heimasíðunum „HelpX“ og „Workaway“ fyrir árin 2017 og 2018. Einnig er tekið til skoðunar hvaða kröfur voru gerðar til sjálfbóðaliðanna og sá aðbúnaður (einkum fæði og húsnæði) sem í boði var fyrir þá. Niðurstaða okkar er sú að kjarasamningar hafi gilt um langflest þau verkefni sem ætlast var til að sjálfbóðaliðarnir sinntu. Auglýsingum fjölgaði á milli ára um 17,3% svo ætla má að tilraunir aðila vinnumarkaðsins til að draga úr ráðningu sjálfbóðaliða hafi ekki borið árangur.

Samkvæmt auglýsingunum var sjálfbóðaliðunum ætlað að leysa fjölbreytta flóru verkefna, svo sem að vinna við gistiheimili og veitingapjónustu, gera upp húsnæði, sinna heimilisstörfum sem og almennum sveitastörfum. Langflest verkefni, sem tilgreind voru í auglýsingunum, féllu undir hugtakið efnahagsleg starfsemi þar sem þau tilheyrðu á einn eða annan hátt framleiðslu, sölu á vöru eða þjónustu á markaði í hagnaðarskyni. Framleiðslan eða þjónustan var oft staðsett til sveita en í 66,8% auglýsinga var beðið um að sjálfbóðaliðarnir sinntu almennum sveitastörfum. Í 32,4% auglýsinga var um verkefni innan ferðapjónustu að

¹¹ „As soon as you arrive you are part of the family.“

¹² „It is not a house to come to if you don't eat all.“

ræða. Barnagæsla var oft eitt af mörgum verkefnum, sem sjálfbóðaliðanum var ætlað að sinna, og þá til þess að foreldrarir gætu sinnt eigin atvinnurekstri eða launavinnu. Ungt par, sem auglýsti eftir sjálfbóðaliða með fagþekkingu til að gera upp eigið heimili, gekk augljóslega inn á svið lögbundinna starfa iðnaðarmanna. Það var þannig strangt til tekið engin auglýsing sem ekki taldi upp verkefni sem féllu undir kjarasamninga. Þó ber að hafa í huga að skilgreining á störfum, sem greiða ber laun fyrir samkvæmt kjarasamningum, er ekki alltaf skýr. Í einhverjum tilvikum er litið svo á að kjarasamningar séu ekki brotnir ef um mjög tímabundna aðstoð skyldmenna eða vina er að ræða, til dæmis við smalamennsku, samanber yfirlýsingu Bændasamtaka Íslands og Starfsgreinasambandsins þar um (BI, e.d.). Þó kveður yfirlýsingin skýrt á um að greiða eigi umsamin laun, samkvæmt kjarasamningum, ef um efnahagslega starfsemi, framleiðslu og sölu á vöru eða þjónustu á markaði (í hagnaðarskyni) sé að ræða, einnig á lögbýlum.

Þensla á íslenskum vinnumarkaði undanfarin ár, ekki síst vegna fjölgunar ferðamanna og þjónustu sem þeir þurfa á að halda, svo sem vegna afþreyingar, veitinga og gistingar, hefur orðið til þess að ýmsir bændur hafa bætt ferðaþjónustu við fyrri rekstur og sumir jafnvel brugðið búi og breytt rekstrinum í ferðaþjónustufyrirtæki. Leitað er út fyrir landsteinana eftir vinnuafli í meiri mæli en áður hefur þekkt (Vinnuálastofnun, 2016, 2018). Í anda þess sem fram kemur í grein Giddens og Suttons (2013) og Huws (2012) þá auðveldar upplýsingatæknin þessa þróun enda eru heimasíður á borð við „Workaway“ og „HelpX“ aðaltengiliðirnir á milli vinnuveitenda og sjálfbóðaliðanna. Með upplýsingatækninni eiga íslenskir vinnuveitendur auðvelt með að komast í samband við mögulega sjálfbóðaliða enda eru íslensk heimili meðal þeirra heimila í Evrópu sem hvað mestar líkur eru á að vera nettengdar (Hagstofa Íslands, 2014).

Bent hefur verið á að langvarandi atvinnuleysi meðal ungs fólks á Vesturlöndum (Phelan, 2018) ýti undir framboð sjálfbóðaliða sem samtímis leita ævintýra í útlöndum fremur en að sitja aðgerðalausir heima (Dean, 2014; Kamerāde og Paine, 2014; Lyons, Hanley, Wearing og Neil, 2012; Paine, McKay og Moro, 2013; Wearing og McGehee, 2013). Auk þess er sjálfbóðaferðamennskan orðin viðtekinn lífsstíll hjá hópi ungmenna, óháð ytri aðstæðum (Wearing og McGehee, 2013), ungmenna sem sjá frelsi í því að ferðast um heiminn, fá ókeypis fæði og húsnæði gegn vinnuframlagi. Fyrir um 40 árum voru lestarferðir um Evrópu afar vinsælar. Nú virðist hins vegar sjálfbóðaliðaferðamennskan hafa leyst þær að einhverju leyti af hólmi (Wearing og McGehee; 2013). Því er hins vegar ósvarað hvort hluti ungmennanna, sem hingað kemur sem sjálfbóðaliðar, myndi fremur kjósa að ráða sig í launaða vinnu en vera sjálfbóðaliðar ef þau vissu að talsvert framboð á slíkri vinnu er hér á landi.

Rétt tæplega 70% auglýsinganna eftir sjálfbóðaliðum kom frá vinnuveitendum sem ráku einhvers konar búskap. Hvað varðar störf á bændabýlum má ætla að sjálfbóðaliðar leysi að vissu marki af þéttbýlisbörn sem áður fóru í sveit yfir sumartímann (Jónína Einarsdóttir, 2012). Rúmlega 40% núlifandi Íslendinga, sem ólust upp í þéttbýli, fóru í sveit sem börn og þá flestir frá lokum seinni heimsstyrjaldar til um það bil 1970 (Geir Gunnlaugsson og Jónína Einarsdóttir, 2018). Síðan varð allnokkur fækkun en ætla má að enn þá fari 10–15% þéttbýlisbarna og unglunga í sveit að sumri, ýmist til styttri dvalar eða til að vinna. Andstætt sjálfbóðaliðunum eru vísbendingar um að íslenskir unglingar, sem ráða sig til sumarvinnu á

lögbýlum á 21. öldinni, fái oftast borgað samkvæmt samningum, sérstaklega þegar þau vinna fyrir vandalaus (Steingerður Friðriksdóttir, 2018).

Erlendar rannsóknir sýna að sjálfbóðaliðar sinna helst verkefnum sem snúa að mannúðarmálum, listum og umhverfisvernd (Wearing og McGehee, 2013) og aðilar vinnumarkaðarins hér á landi eru sammála um að tiltekin störf, sem flokkast sem góðgerðar- og menningarmál, geti talist réttmæt störf fyrir sjálfbóðaliða. Til dæmis hefur ekki verið gerð athugasemd við að í tengslum við tiltekna menningarviðburði hér á landi, svo sem tónlistarhátíðina „Iceland Airwaves“ og kvikmyndahátíðina „RIFF“. sé óskað eftir sjálfbóðaliðum. Engin þeirra auglýsinga, sem greindar voru af heimasíðum „Workaway“ og „HelpX“, bjóða þó upp á þessa tegund verkefna heldur falla þær almennt undir efnahagslega starfsemi sem varir í lengri tíma en þessir viðburðir.

Aukin eftirspurn eftir sjálfbóðaliðum á Vesturlöndum, þar með talið á Íslandi, helst í hendur við vaxandi kröfur um sveigjanleika í fyrirtækjarekstri og leitina að ódýru vinnuafli, þvert á landamæri (Giddens og Sutton, 2013). Ulrika Huws (2012) bendir á að það sem einkenni þessa þróun sé ýmist að fyrirtæki og þjónusta eru flutt til þeirra landa, sem bjóða upp á hagstæð rekstrarskilyrði, eða að fyrirtæki nái í starfsfólk frá öðrum löndum, sem hægt er að greiða lægri laun en heimafólk sættir sig við. Verkefnin, sem sjálfbóðaliðunum var ætlað að sinna hér á landi, falla undir rekstur sem telst vera smár í alþjóðlegu samhengi og sem vegna aðstæðna verður ekki auðveldlega fluttur úr landi. Því er hagstæðara að fá sjálfbóðaliða til landsins til að vinna launalaust gegn ókeypis fæði og húsnæði en að flytja störfin úr landi.

Styrkleiki þessarar rannsóknar felst í að hér voru greindar allar auglýsingar eftir sjálfbóðaliðum með árs millibili á tveimur helstu upplýsingaveitum sem vinnuveitendur og sjálfbóðaliðar notuðu. Efnið er mikilvægt þar sem talsverð umræða hefur verið um réttmæti sjálfbóðaliðavinnunnar. Líta má á það sem veikleika að sú rannsókn, sem hér er kynnt, varpar ekki ljósi á það hvaðan sjálfbóðaliðarnir, sem réðu sig til starfa á umræddu tímabili, komu, hverjir þeir voru eða hvað þeim fannst um stöðu sína. Því verður hvorki svarað hér, hvers vegna sjálfbóðaliðarnir réðu sig án launa, þegar þeir gátu að öllum líkindum fengið tímabundið launuð störf á Íslandi, né hvers vegna vinnuveitendurnir kusu að ráða sjálfbóðaliða í störf að því er virtist á skjön við kjarasamninga. Hér á landi hefur umræðan um sjálfbóðaliðastörf fyrst og fremst farið fram í fjölmiðlum og á heimasíðum aðila vinnumarkaðarins. Því vantar sárlega frekari rannsóknir á þessu sviði.

Lokaorð

Umræðan um sjálfbóðaliðastörf og sjálfbóðaliðaferðamennsku er skammt á veg komin. Þessi rannsókn sýnir að nánast öll þau verkefni, sem sjálfbóðaliðum, sem réðu sig gegnum heimasíðurnar „Workaway“ og „HelpX“ til Íslands, var ætlað að sinna samkvæmt auglýsingum, féllu undir gildandi kjarasamninga og flokkuðust undir efnahagslega starfsemi. Með augum verkalýðshreyfingarinnar var því um að ræða félagsleg undirboð.

Því má velta fyrir sér hvort hinn mikli fjöldi erlendra sjálfbóðaliða, sem hingað kemur, sé dæmi um að alþjóðavæðing vinnuafslsins og uppganga deiliahagkerfis hafi veikt verkalýðshreyfinguna þannig að hún geti ekki tekist, svo vel sé, á við það hagkerfi sem sjálfbóðaliðastörfin eru hluti af. Eins má ætla að sjálfbóðaliðarnir – að minnsta kosti hluti

þeirra – hafi valið sér lífsstíl sem felst í hugtakinu sjálfbodaferðamennska og því líti þeir fremur á sig sem ferðamenn en vinnuafl. Þannig verða mörkin á milli vinnu, ferðamennsku og frítíma óljós. Vera kann að þörf sé á endurskilgreiningu hugtakanna sjálfbodaði, vinna og vinnuafl. Sú endurskilgreining fellur utan ramma þessarar greinar, sem og spurningin um hvort styrkja þurfi eftirlitshlutverk verkalýðshreyfingarinnar eða breyta leikreglunum þannig að fjölbreyttari störf sjálfbodaði falli innan ramma laganna en nú er. Þó benda höfundar á að þessi greining sýni að um 25–30% auglýsinganna innihélt verkefni við ferðaþjónustu. Það má því leiða að því líkur að sjálfbodaðastörfin ýti undir láglaunastefnu og félagsleg undirboð innan ferðaþjónustunnar þar sem starfsfólk, sem sækir um ófaglærð störf, keppir við fólk sem ekki þiggur nein laun.

Þakkir

Þessi grein er hluti af sérhefti Íslenska Þjóðfélagsins um vinnutengda flutninga og íslenskan vinnumarkað. Heftið er unnið í tengslum við öndvegisverkefnið Hreyfanleiki og þverþjóðlegt Ísland (Mobilities and Transnational Iceland) sem var styrkt af Rannís 2016-2018 og eru höfundar allir þátttakendur í því. Höfundar þakka MARK Miðstöð margbreytileika og kynjarannsóknna fyrir að styrkja rannsóknina sem og Félagsvísindasviði Háskóla Íslands. Einnig þökkum Ástrós Önnu Klemensdóttur fyrir aðstoð við þýðingar tilvitnana og fjölmiðlagreiningu.

Heimildir

- ASÍ. (2016, janúar). *Minnisblað um ólaunaða vinnu og undirboð á íslenskum vinnumarkaði*. Sótt 9. september 2018 af https://www.asi.is/media/312714/minnisblad-um-olaunada-vinnu_mmn_hg.pdf
- ASÍ og SA. (2004, 7. mars). *Samkomulag um útlendinga á íslenskum vinnumarkaði*. Sótt 4. maí 2018 af http://www.skirteini.is/wp-content/uploads/pdf/Samkomulag-7.a_mars_2004.pdf
- ASÍ og SA. (e.d.). *Statement by the Icelandic Confederation of Labour, ASÍ and SA: Business Iceland, organization of Icelandic employers on Volunteers*. Sótt 4. maí 2018 af http://www.sgs.is/wp-content/uploads/2017/06/A5_einbl_Sjalfboda_ens_HQ.pdf
- ASÍ. (2007). *Erlent launafólk á íslenskum vinnumarkaði*. Sótt af http://www.asi.is/media/6360/Microsoft_Word_-_ASI_Lei_beiningar_um_eftirlit_sept_2007_loka.pdf
- ASÍ. (2016, júlí). *Lögbrot að reka efnahagslega starfsemi með sjálfbodaðum*. Sótt 9. september 2018 af <http://www.asi.is/um-asi/utgafa/frettasafn/almennar-frettir/logbrot-ad-reka-efnahagslega-starfsemi-med-sjalfbodalidum/>
- ASÍ. (e.d.-a). *Ólaunuð vinna / „sjálfbodaðastörf“*. Sótt 4. maí 2018 af <http://www.asi.is/vinnurettarvefur/rettindi-og-skyldur/laun-og-vinnutimi/laun/olaunud-vinna-sjalfbodalidastorf/>
- ASÍ. (e.d.-b). *Undirboð á vinnumarkaði í formi ólaunaðrar vinnu / „sjálfbodaðastörf“: Skoðun ASÍ*. Sótt 4. maí 2018 af http://www.asi.is/media/288971/olaunud-vinna-skodun-AS%C3%8D_hg.pdf
- ASÍ. (e.d.-c). *Volunteer: Necessary information on volunteer work in Iceland*. Sótt 4. maí 2018 af <http://www.volunteering.is/>
- Bandyopadhyay, R. og Patil, V. (2017). ‘The white woman’s burden’: The racialized, gendered politics of volunteer tourism. *Tourism Geographies*, 19(4), 1–14.

- Berglind Guðmundsdóttir. (2015). *Deiliahagkerfi: Heimagisting, skammtímaleiga og leiga einkabifreiða á Íslandi* (óútgefin BS-ritgerð). Háskólinn á Bifröst.
- BHM. (e.d.). *Hvað er kjarasamningur?* Sótt 8. september 2018 af <https://www.bhm.is/trunadarmenn/samningar/kjarasamningar/>
- BÍ. (e.d.). *BÍ og SGS gefa út sameiginlega yfirlýsingu vegna sjálfbodaliða*. Sótt 8. september 2018 af <http://www.bondi.is/frettir-og-tilkynningar/bi-og-sgs-gefa-ut-sameiginlega-yfirlýsingu-vegna-sjalfbodaliða/2601>
- Dean, J. (2014). How structural factors promote instrumental motivations within youth volunteering: A qualitative analysis of volunteer brokerage. *Voluntary Sector Review*, 5(2), 231–247.
- Dlaske, K. (2016). Shaping subjects of globalisation: At the intersection of voluntourism and the new economy. *Multilingua*, 35(4), 415–440.
- Edgell, S. (2012). *The sociology of work: Continuity and change in paid and unpaid work* (2. útgáfa). London: Sage.
- Friese, S. (2014). *Qualitative data analysis with ATLAS.ti* (2. útgáfa). Los Angeles: Sage.
- Geir Gunnlaugsson og Jónína Einarsdóttir (2018). Sumardvalir bæjarbarna í sveit: Umfang og ástæður [erindi]. Framtíð háskólastarfs á landsbyggðinni. Tólfta ráðstefnan um íslenska þjóðfélagið, 10.–11. maí 2018, Háskólinn á Bifröst.
- Giddens, A. og Sutton, P. (2013). *Sociology* (7. útgáfa). Cambridge: Polity Press.
- Guðbjörg Linda Rafnsdóttir, Jónína Einarsdóttir og Ástrós Anna Klemensdóttir (í ritryningu). „Not like every other tourist with selfie stick“: Voluntourism in Iceland.
- Guðmundur Björn Þorbjörnsson. (2016, 25. júlí). Sjálfbodaliðar skekkja samkeppnisstöðu. Sótt 4. maí 2018 af <http://www.ruv.is/frett/sjalfbodaliðar-skekkja-samkeppnisstodu>
- Halldór Grönvold. (2014). *Hverjir eiga að ákveða laun á íslenskum vinnumarkaði og hvernig?* Sótt 4. maí 2018 af <http://www.asi.is/media/156468/Vinumarkadurinn-og-lagmarkslaun.pdf>
- HelpX.net (e.d.). Sótt 21. maí 2018 af <https://www.helpx.net/index.asp>
- Hólmfríður Dagný Friðjónsdóttir. (2018, 30. apríl). Vill að eftirlit með hestaleigum sé aukið. Sótt 4. maí 2018 af <http://www.ruv.is/frett/vill-ad-efirlit-med-hestaleigum-se-aukid>
- Hólmfríður Helga Sigurðardóttir. (2017, 13. apríl). Sjálfbodaliði segir Sólheimum stjórnað eins og konungsríki. Sótt 4. maí 2018 af <http://stundin.is/frett/segir-solheimum-stjornad-eins-og-konungsríki/>
- Huws, U. (2012). Bridges and barriers: Globalisation and the mobility of work and workers. *Work Organisation, Labour and Globalisation*, 6(2), 1–7.
- Jóhann Páll Jóhannsson. (2018, 29. mars). Hestaleigur græða tugi milljóna á félagslegum undirbodum. Sótt 4. maí 2018 af <https://stundin.is/grein/6475/hestaleigur-graeda-tugi-milljona-felagslegum-undirbodum/#>
- Jóhann Þorvarðarson. (2016). *Vinumansal á Íslandi: Birtingarmyndir og úrræði* (mastersritgerð í lögfræði). Háskóli Íslands, Reykjavík.
- Jónína Einarsdóttir. (2012). Sendur í sveit. *Stjórnsmál og stjórnsýsla*, 8(1), 73–92.
- Kameråde, D. og Paine, A. E. (2014). Volunteering and employability: Implications for policy and practice. *Voluntary Sector Review*, 5(2), 259–273.
- Lára Halla Sigurðardóttir. (2017, 2. apríl). Sjötugur stjórnarformaður Sólheima átti í leynilegu ástarsambandi við 27 ára sjálfbodaliða á staðnum. Sótt 4. maí 2018 af <http://nutiminn.is/sjotugur-stjornarformadur-solheima-atti-i-leynilegu-astarsambandi-vid-27-ara-sjalfbodaliða-a-stadnum/>
- Lyons, K., Hanley, J., Wearing, S. og Neil, J. (2012). Gap year volunteer tourism: Myths of global citizenship? *Annals of Tourism Research*, 39(1), 361–378.

- McGloin, C. og Georgeou, N. (2016). 'Looks good on your CV': The sociology of voluntourism recruitment in higher education. *Journal of Sociology*, 52(2), 403–417.
- Milla Ósk Magnúsdóttir. (2018, 11. mars). Gagnrýna notkun sjálfbodaliða í launuð störf. Sótt 4. maí 2018 af <http://www.ruv.is/frett/gagnryna-notkun-sjalfbodaliða-i-launud-storf>
- Mostafanezhad, M. (2013). The politics of aesthetics in volunteer tourism. *Annals of Tourism Research*, 43, 150–169.
- Paine, A. E., McKay, S. og Moro, D. (2013). Does volunteering improve employability?: Insights from the British household panel survey and beyond. *Voluntary Sector Review*, 4(3), 355–376.
- Phelan, O. (2018). Youth unemployment statistics. *Briefing Paper Number 5871. House of Commons Library*. Retrieved January 15th from [file:///C:/Users/glr/Downloads/SN05871%20\(1\).pdf](file:///C:/Users/glr/Downloads/SN05871%20(1).pdf)
- Refslund, B. (2012). Offshoring Danish jobs to Germany: Regional effects and challenges to workers' organisation in the slaughterhouse industry. Í U. Huws (ritstjóri), *Bridges and barriers: Globalization and the mobility of work and workers* (bls. 113–129). London: Analytica Publications.
- SEEDS (e.d.) Volunteering for Iceland. Sótt 9. september 2018 af <https://www.seeds.is/need-volunteers>
- Skedinger, P. (2013). Låglönekonkurrens och lönerreglering i ett nordiskt perspektiv. *Ekonomiska Samfundets Tidskrift*, 66(2), 149–158.
- Starfsgreinasamband Íslands. (e.d.). Sjálfbodaliðar. Sótt 4. maí 2018 af <http://www.sgs.is/fraedslumal/sjalfbodaliðar/>
- Stefán Ólafsson og Kolbeinn Stefánsson. (2005). *Hnattvæðing og þekkingarþjóðfélag*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Steingerður Friðriksdóttir. (2018). Eru börn ekki hætt að fara í sveit á sumrin? Sveitadvöl íslenskra þéttbýlisbarna á 21. öldinni (mastersritgerð í mannfræði). Félagsfræði-, mannfræði- og þjóðfræðideild. Háskóla Íslands.
- Sunna Sæmundsdóttir. (2018, 5. febrúar). Líkist stundum nútíma þrælahaði: Reglulega þarf að bjarga erlendum sjálfbodaliðum. Sótt 11. febrúar 2018 af <http://www.visir.is/g/2018180209358>
- Sveinn Arnarsson. (2017a, 2. febrúar). Vinna sjálfbodaliða á leikskólum gagnrýnd. Sótt 4. maí 2018 af <http://www.visir.is/g/2017170209829>
- Sveinn Arnarsson. (2017b, 16. febrúar). Bændur spara marga tugi milljóna með sjálfbodaliðum. Sótt 4. maí 2018 af <http://www.visir.is/g/2017170219243>
- Sveinn Arnarsson. (2017c, 28. janúar). Réðu 104 sjálfbodaliða þótt lagaheimild vanti. Sótt 16. september 2018 af <http://www.visir.is/g/2017170128902>
- Umhverfisstofnun (2014, 1. júlí). Sjálfbodaliðar Umhverfisstofnunar. Sótt 16. september 2018 af <https://www.ust.is/einstaklingar/frettir/frett/2014/07/01/Sjalfbodaliðar-Umhverfisstofnunar/>
- Unnur Dís Skaptadóttir og Anna Wojtynska. (2019). Sveigjanlegur vinnumarkaður, hrakvinna og innflytjendur. Þemahefti: Íslenskur vinnumarkaður – Erlent starfsfólk. *Íslenska þjóðfélagið*, 10(2), bls. 14-28.
- vb.is. (2016, September 21). Sjálfbodaliðar ganga í störf launafólks. Sótt 11. febrúar 2018, af <http://www.vb.is/frettir/sjalfbodaliðar-ganga-i-storf-launafolks/131359/>
- Vinnumálastofnun. (2016). *Staða og horfur á vinnumarkaði á árunum 2016 til 2018*. Reykjavík: Höfundur.
- Vinnumálastofnun. (2018). *Erlendir ríkisborgarar á íslenskum vinnumarkaði á árunum 2012–2017*. Reykjavík: Höfundur.
- VolunTourism. (e.d.). Sótt 4. maí 2018 af <http://voluntourism.org/>

Workaway.info (e.d.). Information for hosts. Sótt 21 maí 2018 af <https://www.workaway.info/information-for-hosts.html>

Wearing, S. (2001). *Volunteer tourism: Experiences that make a difference*. Wallingford, England: CABI.

Wearing, S. og McGehee, N. G. (2013). Volunteer tourism: A review. *Tourism Management*, 38(október), 120–130.

Wilson, J. (2000). Volunteering. *Annual Review of Sociology*, 26(1), 215–240.

Örn D. Jónsson og Edward H. Huijbens. (2014). Heima að heiman: Deiliahagkerfið og gestakomur til Íslands. *Íslenska þjóðfélagið*, 5(1): 49-65.

Örn D. Jónsson og Rögnvaldur J. Sæmundsson. (2014). *Deiliahagkerfið: Fjárvæðing örfrumkvöðla*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.

Um höfunda

Guðbjörg Linda Rafnsdóttir (glr@hi.is) er prófessor í félagsfræði við Félagsfræði- mannfræði- og þjóðfræðideild Háskóla Íslands. Hún lauk BA prófi í félagsfræði frá Háskóla Íslands árið 1984, MA prófi frá Lundarháskóla í Svíþjóð árið 1990 og doktorsprófi frá sama skóla árið 1995. Guðbjörg Linda hefur meðal annars rannsakað ýmsar hliðar atvinnulífsins, svo sem vinnutendga heilsu og líðan, sem og félagslegan ójöfnuð.

Jónína Einarsdóttir er prófessor í mannfræði við Félagsfræði-, mannfræði- og þjóðfræðideild Háskóla Íslands. Hún lauk BS prófi í efnafræði frá Háskóla Íslands árið 1978 og BA í mannfræði frá Stokkhólmsháskóla árið 1988 og doktorsprófi frá sama skóla árið 2000. Rannsóknir hennar eru á sviði heilsumannfræði, mannfræði barna og þróunarfræða og fjalla m.a. um mansal barna, ofbeldi gegn börnum, börn send í sveit, óstöðug ríki og þróunarsamvinnu.

Ragnhildur B. Guðmundsdóttir lauk BA í félagssfræði frá Háskóla Íslands árið 2010 og MA í þróunarfræðum frá sama skóla árið 2017.